Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2024 – 2025

Leikskólinn Ylur

Tengsl við námskrá: Áhugavert og fjölbreytt starf er unnið í Yl sem er í góðum tengslum við námskrá skólans, markmið og gildi. Starfið í Yl byggir á Aðalnámskrá leikskóla og hugmyndafræði Waldorf. Grundvallargildi Yls eru að börnin fái tækifæri til að nota skynfæri sín í kringum góðan, náttúrulegan og hreinan efnivið auk náttúruupplifana. Að veita börnunum gott félagslegt og siðferðislegt uppeldi ásamt því að efla líkur á að börnin verði skapandi í leik og starfi með því að vera sjálf góðar fyrirmyndir í tali, í framkvæmd, með nærveru, við verkefnaval og með góðar leiðbeiningar til foreldra og samvinnu við þá.

Endurmat – umbótaáætlun: Á vikulegum fundum kennara fer fram símat en þar er rætt hvað var gert síðast liðnu viku og hvaða þætti megi bæta og gera betur. Áhersla er lögð á í starfsáætlun að kennarar sæki sér endurmenntun í Waldorf fræðunum hvort sem það er að sækja námskeið erlendis eða að flytja inn fyrirlesarar.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Waldorf stefnan leggur áherslu á að leitast við að halda í gömlu og góðu gildin og taktinn þar sem áhersla er á að efla innra starfið enn frekar og reyna að einfalda veruleika barnanna í nútíma samfélagi. Hornsteinar skólans eru, hinn frjálsi leikur, fyrirmynd, eftirherma, hrynjandi, ævintýri, söngur, leikir og skynjun.

Endur - og símenntunaráætlun: Í Yl eru reglulegur samlestur á Waldorf fræðunum sem fer fram á vikulegum fundum þar sem kennarar lesa saman og dýpka skilning sinn á uppeldisfræðinni.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Segja má að Barnasáttmálinn og Heimsmarkmið SÞ fléttist inn í allt daglegt starf í Yl þar sem áhersla er lögð á að virða og mæta hverju barni. Í stefnu skólans er lögð áhersla á að eiga í góðu samneyti við náttúruna og vera sem mest sjálfbær en við skólann er grænmetisgarður og hænur.

Börn: Börnin hafa áhrif á daglegt starf í gegnum frjálsa leikinn en uppeldisfræði leikskólans leggur áherslu á að barnið upplifi að á það sé hlustað og skoðanir þeirra virtar. Mikið er lagt upp úr því að hverjum einstaklingi sé mætt af ástúð og kærleik með það að markmiði að hvert og eitt barn verði siðferðislega sterkir og ábyrgir þjóðfélagsþegnar.

Starfsfólk: Í Yl er áhersla lög á fagmennsku, gagnkvæma virðingu, samvinnu, heiðarleika ásamt því að vera góð fyrirmynd fyrir börnin. Síðast en ekki síst er lagt upp úr því að kennarar þroskist á eigin forsendum í starfi ásamt því að rækta eigin hæfileika og lifi ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.

Foreldrar: Samskipti við foreldra eru mikil þrátt fyrir minni dagleg samskipti, foreldrar koma á fundi, í viðtöl, kaffi og taka þátt m.a. í vinnuhelgum, basarundirbúningi og foreldraþrifum. Megin áhersla í foreldrasamskiptum eru að foreldrar séu öruggir, virkir, ánægðir og upplýstir. Leiðir í foreldrasamstarfi virka vel, eru fjölbreyttar og góðar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Annað: Mjög metnaðarfullt starf er unnið í leikskólanum Yl af kennurum sem hafa ástríðu fyrir starfinu og velferð barnanna og fjölskyldna þeirra. Fram kemur í starfsfáætlun að kennarar skólans telja þörf á virkara samtali á milli þeirra og Kópavogsbæjar hvað varðar umbætur og endurbætur á húsnæði. Þeir binda vonir við að svo verði á komandi ári.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026